

ALMENN FUNDARGERÐ

Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

2. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn þriðjudaginn 9. janúar 2024 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógabyggð.

Mættir voru: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða- og Gnúpverjahreppi) Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes- og Grafningshreppi). Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð) boðaði forföll..

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri, velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindisbréf

Farið var yfir lokaeintak af erindisbréfi Fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu, samþykkt án athugasemda.

2. Stytting vinnuvikunnar

Rætt var um styttingu vinnuvikunnar og þau áhrif sem það hefur á faglegt starf leikskóla. Mismunandi var hvaða leiðir voru farnar innan hvers sveitarfélags og eru nefndarmenn sammála um að æskilegt sé að skoða við lok skólaárs hvernig til hefur tekist. Samþykkt var að deildarstjóri skólaþjónustu haldi rýnifund með stjórnendum til að meta hvernig til tókst.

3. Innleiðing á farsældarlögunum

Deildarstjórar kynntu hvernig staðan er í vinnu við innleiðingu farsældarlaganna.

4. Tölulegar upplýsingar

Deildarstjórar kynntu tölulegar upplýsingar um þjónustuna:

Velferðarþjónusta

Í lok árs 2023 voru 79 heimili með heimaþjónustu og 17 starfsmenn sem sinntu þessum heimilum í mismiklu starfshlutfalli.

Tilkynningar til barnaverndar voru 67 vegna 47 barna. Flestar tilkynningar komu frá grunnskólum, lögreglu og ættingjum. Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 30 tilkynningar, 21 tilkynning barst vegna áhættuhegðunar og 13 tilkynningar þar sem tilkynnt var um ofbeldi gagnvart barni.

Vegna málefna fatlaðs fólks voru 33 einstaklingar (fyrir utan heimilisfólk Sólheima sem eru 45 og Skaftholts sem eru 7) með þjónustu frá velferðarþjónustunni.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "BV", "SS", "AS", and "AI", along with the number "1".

Skólaþjónusta

Árið 2023 (frá 1. mars) voru unnar 46 greiningar hjá sálfræðingum og 6 greiningar voru í vinnslu um áramót. Í upphafi árs 2024 eru 38 börn á biðlista. Greiningar hjá talmeinafræðingum voru 15 árið 2023 og um áramót voru 7 mál í vinnslu. Í upphafi árs 2024 eru 19 mál á biðlista. Frá ágúst 2023 hefur verið lögð áhersla á greiningar en minna á talþjálfun þar sem aðeins einn talmeinafræðingur hefur verið í 60% stöðu frá maí 2023. Frá því í ágúst hefur uppeldis- og kennsluráðgjafi fengið 18 tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf og stuðningi vegna málefna nemenda. Auk þess hefur hann sinnt uppeldisráðgjöf til foreldra og einstaklingsþjálfun innan leik- og grunnskóla.

5. Undanþága frá barnaverndarþjónustu

Deildarstjóri velferðarþjónustu óskaði eftir með bréfi til Mennta-og barnamálaráðuneytis dagsett þann 12. desember 2023 að Skóla-og velferðarþjónusta Arneshvíns/barnaverndarþjónusta fengi áframhaldandi undanþágu til að reka sjálfstæða barnaverndarþjónustu þrátt fyrir að ná ekki 6000 manna íbúafjölda eins og lög gera ráð fyrir. Ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu.

Fundgerð lesin upp og fundi slitið kl. 17:10

Laugarás 9. janúar 2024

Sigurbára Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Steinar Sigurjónsson
Steinar Sigurjónsson

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir
Gunnlaug Hartmannsdóttir